

Jarðnesk gleði af sauðfé

SÝNING ÁSGERÐAR BÚADÓTTUR

Hin svonefnda abstrakt-list hefur frá öndverðu ráðið ríkjum í nokkrum greinum mynd listar. Hún hlaut þar almenna viðurkenningu löngu áður en hún var uppgötvuð á ný á vorum dögum. Ein þeirra greina er myndvefnaðurinn. Segja mátti, að myndvefnaðurinn hafi verið á blómaskeiði, meðan mynztur og form hans voru abstrakt, meðan þau mótuðust við samleik ívafs og uppistöðu. En að sama skapi sem stórukin tækni þróun í vefnaði gerði mönnum kleift að herma eftir náttúru-fyrirbærum (í náttúralismanum), fór þessari göfugu list að hnigna. Hins vegar hefur abstrakt-listin, þ.e. endur-uppgötv un hins andlega í myndlist, hvergi haft eins djúp áhrif eða hreinsað andrúmsloftið eins vel og í myndvefnaði. Sýning Ásgerðar Búadóttur í Bogasalnum, sem nú stendur yfir, er sannfærandi og glögg dæmi þessarar þróunar.

Ætla mátti, að það sé einkar freistandi fyrir listamanninn að láta gamminn geysa og gefa í myndunaraflinu lausan tauminn. Þeim mun eftirtektarverðara er að sjá, hvernig Ásgerður beitir listrænum aga í verkum sínum, til þess eins að hlýða hinum ströngu grundvallarreglum og listrænu lögmáli handverksins.

Teppi er upphaflega ekkert annað en einfaldur dúkur í ýmsum litum, sem klæðir kaldan steinvegginn. Fallett efni úr mjúkri og hlýrri ull er sérstaklega vel til þess fallið, vegna þess að það er gætt einkar skemmtilegum litbrigðum, sem breytast eftir því hvernig þræð-

irnir eru bundnir og birtan fellur á þá. Eru þar ótæmandi mögu leikar litbrigða og „gerðir“ efnisins, sem lifga nakinn vegginn, án þess þó, að þar sjáist „mynd“ í venjulegri merkingu. Það er einmitt þessi fegurð ullarinnar, sem Ásgerður lokkar fram og leysir úr læðingi. Veggteppi hennar eru oftast gerð í einum aðallit, blágrænum, orange eða rauðum, er skiptist síðan í fáein skyld litbrigði. Eins einföld er teikning þeirra. Vefnaðartæknin hefur í för með sér, að hinar mest áberandi áttir í myndbyggingu eru lóðréttar og láréttar skiptingar (uppistaða og ívaf). Þær eru jafnframt aðaláttir í hýbýlum okkar, og þegar

MYNDLIST


þess er gætt í vefnaði, samræmast teppin mjög vel því umhverfi. Næsta tilbrigði er skálinan, sem ris og fellur eins og tröppur í vefnaði. Þannig verður til þríhyrningsform svipað og ferhyrningar mótast úr lóðréttum og láréttum línum. Þar við bætist loks boglinan. Þessi grundvallaratriði veita ótal möguleika til myndbyggingar, sem hafa þó allir þann kost, að vera í fullu samræmi við vinnu-aðferðina og línur veggjarins (arkitektúr). Ábreiða er hluti af vegg en ekki trönumynd eins og málverk, er bakgrunnur, eins konar leiktjald á leiksviði okkar daglega heimilislífs. Frammi fyrir þessu tjaldi ber að hugsa sér hin lifrænu, fjölbreyttu form

mannslíkamans. Afstaða hans til hinna kyrrstæðu forma á veggnum skapa þá heild, sem listamaðurinn hefur í huga. Mér finnst, að Ásgerður skilji þetta einkar vel.

Ahorfandinn gerir sér kannski of litla grein fyrir þeim listræna aga, sem Ásgerður beitir, misskilur hann jafnvel sem hugmyndaskort. En það er einmitt þessum einfaldleika að þakka og þeim skorðum — er hún setur sér visvitandi — að fegurð efnisins og töfrar myndvefnaðarins koma skýrast í ljós.

Í list fyrri tíma, allt frá renæssance-tímabilinu, voru myndir eins konar gluggar í veggjunum, op sem veittu sýn t.d. út í landslag. Myndir nútímans gegna ekki slíku hlutverki, veita enga útsýn og sízt af öllu myndteppin; þær opna frekar innsýn, leiða okkur fyrir sjónir hin leyndu form mannsandans, hrynjandi og sveiflur, sem búa hið innra með okkur. Áttablaðarósir á gömlum íslenskum ábreiðum voru aldrei stæling á raunverulegum rós-um. Þær voru reyndar sjaldséðar. Öll mynztur og tákn, „myndir“, voru langt frá því að vera stælingar, heldur voru þau fallmyndir, ofanvarp innri hræringa og tilfinninga, skuggamyndir sálarinnar, varpað á vegg. Þannig finnst mér, að Ásgerði Búadóttur hafi tekizt að skapa aftur tengsl við hina gömlu íslenskku hefð í myndvefnaði; ég vil taka það fram, einmitt vegna þess, að hún stælir hana ekki.

Gömlu teppin voru litskrúðugri, en í því sambandi má heldur ekki gleyma, að veggteppin voru eina skrautið í torfbæjun-



Eitt af teppum Ásgerðar.

um ekkert annað var til, engin málverk, enginn Kjærval. Áður fyrr, er maðurinn sneri heim að loknu dagsverki, kom hann úr þögn og friði sveitarinnar. Nú hverfum við heim úr hávaða um ferðarinnar og taugaslitandi vélarskröltili verksmiðjanna. Þetta er geysimikill munur, sem breytir algerlega afstöðu listamannsins. Hans hlutverk er nú á dögum að skapa aftur ró og kyrrð í hýbýlum okkar, stjalla til friðar, vinna bug á öllu sem ofaukið er og hefur hátt.

Þegar ég ferðaðist í vor um Norðurlönd, gafst mér tækifæri til að skoða þar myndvefnað. Þar var margt frábærga fallett

að sjá, en einnig margt af lakara tagi. Að visu standa Norðmenn og Finnar öllum þjóðum framár á sviði hins stóra göbelín-vefnaðar. Þó má fullyrða, að sýning Ásgerðar Búadóttur sé að mörgu leyti sambærileg því beztu, sem gert er á hinu takmarkaðra „sviði“ veggskreytinga fyrir borgarhús. Henni hefur tekizt að stíga mikilvægt skref fram á við í listgrein, sem ég tel að muni eiga sér mikla framtíð á Íslandi. Sýningin er opin til sunnudagskvölds h. 15. nóvember, og ætti enginn, sem hefur áhuga á myndvefnaði, að missa af þessari ágætu sýningu.

Kurt Zier.

Synti í heimslistinni

Litið inn á sýningu Vilhjálms Bergssonar

Málverkasýning Vilhjálms Bergssonar, sem staðið hefur yfir í Lista mannaskálanum undanfarið, lýkur á laugardagskvöld.

Vilhjálmur er Grindvíkingur, fæddur 1937, lauk stúdentsprófi frá M.R. 1958 og hefur verið við nám í málalist fyrst tvo vetur í Kaupmannahöfn, þar sem kennari hans var Mogens Andersen, og síðar tvo vetur í París, þar sem hann var við nám hjá Goetz. Vilhjálmur hefur tekið þátt í ýmsum sýningum og er þetta þriðja sjálfstæða sýning hans hér á landi.

Á leiðinni til Listamannaskálans þar sem ætlunin er að rabba við Vilhjálmm stutta stund, berast hróp og köll glaðværra radda að eyrum. Það er verið að tollera menntskælinga, og skammdægismyrkrið, sem er að síga á, er ekki eins svart og áður.

—Það er kalt hérna, segir Vilhjálmur um leið og við göngum inn í salinn og kuldanum slær á móti okkur, nóprum, rökum kulda.

Listaverkin hanga í röð á veggjunum í einkennilegri andstæðu við



Vilhjálmur Bergsson við eitt málverka sinna.

skakkt gólf og gisna vegg. Frá dökku grunninum geisla litirnir með dularfullum ljóma og minna á eðla skartgrip.

Þarna eru 21 olíumynd og 7 teikningar og guache myndir og verður mér fyrst á að spyrja — Hvað hefur þú málað myndirnar á löngum tíma? — Ég hef unnið við þetta síðan um áramót. — Hvernig vinnur þú? Þegar andinn kemur yfir þig eða eftir einhverjum ákveðnum vinnutíma? — Venjulega frá nfu fram til sex, en bregð þó út af og mála á kvöldin, ef mér sýnist svo. — Ertu búinn að hugsa fyrirfram hvað þú ætlar að mála? — Nei, ég mála það sem kemur í huga minn, í hitanum gleymir maður öllu, málalinn er eins konar miðill, festir það niður, sem honum er innblásið. — Nú hefur þú haldið tvær málverkasýningar að-

ur, finnst þér að stíll þinn hafi breytzt til muna? — Já, sennilega er ég nú að byrja að finna minn eigin stíl, þetta er persónulegra en ég hef gert fram að þessu, áður má segja, að ég hafi synt í heimslistinni. — Þú notar mjög dökka liti? — Ég endilega nauðsynlegt að allir noti skæra liti? Rembrandt notaði dökka liti, var hann verri fyrir það? — Hvað finnst þér um íslenska málalist í dag? — Gömlu mennirnir, þeir höfðu sinn eigin stíl, en allir þessir menn rétt innan við fimmtugt, þetta eru fristundamálarar, nokkurs konar höfuðlaus her, þeir eru allir eins.

Um leið og við göngum út úr salnum er eins og myndirnar, sem hanga á veggjum, stari á eftir okkur með dökku óræðu tilliti — þær eru heldur ekki eins.

Merkjasöludagur

STYRKARFÉLAGS VANGEFINNA

er næstkomandi sunnudag 15. nóv.

Barnaskólabörn eru hvött til að aðstoða við merkjasöluna og mæta kl. 10 f. h. í barnaskólanum. — Sölulaun 1.00 kr. fyrir merki.

Styrktarfélag vangefinna.